

synlega hjálp til hafnar og hæpið að önnur skip hefðu komið til, er það hefðu getað. Verður rjetturinn því að líta svo á að um björgun hafi verið að ræða.

Þegar nú annars vegar er athuguð hætta sú, er „Yvonne“ var stödd í og verðmæti hins bjargada, en hinsvegar að „Gracie“ er lítið og ódýrt skip, er ekki var stofnað í neina hættu við björgunina, er var mjög auðveld og tók eigi nema 20 standir, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin 6000 krónur. Fyrir kröfunni um 1000 króna greiðslu fyrir utanrjettaraðstoð hefir stefnandi ekki gegn mótmælum stefnds gjört nægilega grein og verður sú krafa því ekki tekin til greina.

Þar sem rjetturinn annarsvegar hefir ekki sjeð sjer fært að taka til greina nema þriðjung af kröfu stefnanda en stefndur hefir hinsvegar ekki viljað greiða nema fjórðung þess, er stefnanda ber að álitu rjettarins, þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 200 krónur upp í málskostnað og ber að staðfesta löghaldsgjörðina fyrir þeim upphæðum sem stefnandi fær sjer tildæmdar.

Miðvikudaginn 9. júní 1926.

Nr. 63/1925. **Bræðurnir Proppe** (L. Fjeldsted)
gegn

**Einari M. Jónassyni, sýslumanni
í Barðastrandarsýslu, f. h. prota-
bús Guðm. Bergsteinssonar og
gegn honum persónulega, og Lár-
usi Jóhannessyni f. h. Jakobs
Gunnlögssonar** (Enginn).

Ómerking uppbóðs.

Úrskurður uppbóðsrjettar Barðastrandarsýslu
22. sept. 1925: Uppbóðsafsál fyrir húseignum og skipum
tilheyrandi protabúi Guðmundar Bergsteinssonar í Flatøy, sam-
kvæmt uppbóði 6. júlí þ. á. skal gefið Proppébræðrum í Reykja-
vík, að greiddum áskildum 4000.00 krónum lögmæltum uppbóðs-
launum í ríkissjóð, 4% innheimtulaunum af uppbóðsandvirðinu 57

þúsund krónum, og að greiddum veðskuldum 1. og 2. veðhafa, eða yfirlýstu skilyrðislausu samþykki þeirra, eða tryggingu settri fyrir því.

Dómur hæstarjettar.

Þann 6. júlí f. á. fór fram í Flatey á Breiða-firði eftir ákvörðun skiftafundar í protabúi Guðmundar kaupmanns Bergsteinssonar þriðja og síðasta uppboð á fasteignum, vjelskipum og vjelbátum protabúsins. Í söluskilmálum uppboðsins, er lagðir voru fram í rjettinum, var meðal annars ákveðið, að hæstbjóðandi og næsthæstbjóðandi skuli vera bundnir við boð sín í 8 daga eftir uppboðið og sjest það af skjölum málsins, að boðin áttu innan þess tíma að leggjast undir samþykki skiftafundar í protabúinu. Uppboðsráðandi var innheimtumaður uppboðsins og átti kaupandi samkvæmt söluskilmálunum um leið og boð hans væri samþykkt að greiða af kaupverðinu 4000 kr. til innheimtumanns og 4% í innheimtulaun og ennfreður átti hann þá auk uppboðsandvirðisins að greiða allan kostnað af uppboðinu og skatta og opinber gjöld, er á eignunum hvíldu.

Áfrýjandi, er átti síðasta veðrjett í nálega öllum eignunum, lét umboðsmann mæta fyrir sig á uppboðinu, og var þar lagt fram símskeyti frá hæstarjettarmálflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni, er fór með umboð erlends skuldheimtumanns í protabúinu, þess efnis, að hann vænti þess, að uppboðið færi þannig fram, að húseignir og skip yrðu boðin upp fyrst í einu lagi og síðan hvert hús og skip út af fyrir sig. Nefndur málflutningsmaður mætti ekki á uppboðinu, en uppboðsráðandi skipaði honum, að því er virðist af eigin hvötum, talmann til að mæta í rjettinum og gæta hagsmuna hans. Uppboðið fór

siðan þannig fram, að fyrst var árangurslaust boðin upp hver eign út af fyrir sig og siðan allar eignirnar í einu lagi og bauð hinn skipaði umboðsmaður Lárusar Jóhannessonar fyrir hans hönd næsthæsta boðið 56100 kr. en umboðsmaður áfrýjanda var hæstbjóðandi að þeim fyrir 57000 kr., og með því að upphæð þessi nægði ekki til lúkningar veðskuld hans og veðskulda þeirra, er betri forgangsrjett höfðu, krafðist hann þá þegar á uppboðinu, að eignirnar yrðu útlagðar áfrýjanda til eignar sem ófullnægðum veðhafa.

Áður en liðnir voru 8 dagar frá uppboðsdegi eða 13. júlí f. á. var haldinn skiftafundur á Patreksfirði í þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar til þess að taka ákvörðun um framangreind boð í eignirnar. Skiftaráðandi boðaði áfrýjanda og málflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni fundinn með símskeyti 9. s. m., en það sjest ekki að boðað hafi verið á annan hátt til fundarins eða öðrum kröfueigendum í þrotabúinu hafi verið gert aðvart um hann. Á fundi þessum mætti hvorki áfrýjandi nje Lárus Jóhannesson nje neinn annar af skuldheimtumönnum þrotabúsins, en skiftaráðandi skipaði hvorum þessara tveggja um sig umboðsmann, er hann ljet mæta í skiftarjettinum og er svo bókað í skiftabókina, að þessir umboðsmenn hafi komið sjer saman um »að Proppebræðrum yrði útlögð eignin samkvæmt uppboðsskilmálunum að þeim uppfylltum, ef ekki sannaðist að nefndur Lárus Jóhannesson hefði ekki fengið skeyti skiftaránda, sem honum voru send sumpart úr Flatey og sumpart frá Patreksfirði«. Verður ekki annað sjeð en að skiftarjetturinn hafi samþykkt þetta, eða ekkert haft við það að athuga.

Út af símskeytum, sem fóru milli áfrýjanda og

hins stefnda uppboðs- og skiftaráðanda út af þessu, ritaði áfrýjandi stefnda tvö brjef 21. ág. og 8. sept. s. á., sendi honum skilríki fyrir því, að hann hefði fengið samþykki þeirra, er veð höfðu á undan honum í hinum seldu eignum, til að taka á sig þær skuldir, og krafðist enn á ný, að eignirnar yrðu útlagðar sjer til eignar fyrir hæsta boð, gegn því að greiða lögmætan kostnað við uppboðið, en neitaði að greiða innheimtulaun þau, 4% af 57000 kr., er hinn stefndi uppboðsráðandi hafði krafist hann um. Hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi varð ekki við þessari útlagningarkröfu, heldur setti hann uppboðsrjett á skrifstofu sýslunnar á Patreksfirði 22. sept. f. á., til þess að framhalda áðurgreindu uppboði í Flatey 6. júlí f. á., og án þess að boða áfrýjanda eða aðra til þessa uppboðsþings. Kvað hann samtundis upp úrskurð og hratt kröfu áfrýjanda um útlagningu eignanna, en úrskurðar að »uppboðsafsal fyrir húseignum og skipum tilheyrandi þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar í Flatey, samkvæmt uppboði 6. júlí þ. á., skal gefið Proppebræðrum í Reykjavík, að greiddum áskildum 4000 kr., lögmæltum uppboðslaunum í rikissjóð, 4% innheimtulaunum af uppboðsandvirðinu 57000 kr., og að greiddum veðskuldum 1. og 2. veðhafa eða yfirlýstu skilyrðislausu samþykki þeirra, eða tryggingu settri fyrir því«.

Áfrýjandi hefir nú með stefnu dags. 9. des. f. á. áfrýjað bæði uppboði því, er fór fram í Flatey 6. júlí f. á. og uppboðsrjettarúrskurðinum 22. sept. f. á. og er aðalkrafa hans hjer fyrir rjettinum, að öll meðferð málsins fyrir uppboðsrjettinum þar með talinn nýnefndur úrskurður, verði ómerkt í öllum greinum og að þrotabú kaupmanns Guðmundar Berg-

steinssonar verði dæmt til að endurgreiða sjer kr. 1718.79, er hann hafi greitt af lánum, sem á eignum protabúsins hvíldu. Til vara krefst áfrýjandinn þess, að uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. sept. verði feldur úr gildi og skiftaráðandinn í nefndu protabúi skyldaður til að leggja sjer út til eignar, sem ófullnægðum veðhafa, eignir þær, er áfrýjandi varð hæstbjóðandi að á uppboðinu 6. júlí. Hefir hann stefnt Einari M. Jónassyni sýslumanni í Barðastrandar-sýslu sem uppboðshaldara og skiftaráðanda fyrir hönd protabúsins og jafnframt persónulega til ábyrgðar og krafist þess, að hann verði sektaður eða vittur fyrir ólöglega meðferð málsins, svo og til þess in solidum með protabúi Guðmundar Bergsteinssonar eða til vara einn, að greiða sjer allan kostnað, er af uppboðinu hafi leitt fyrir sig, svo og málskostnað i hæstarjetti að skaðlausu eða eftir mati rjettarins. Svo hefir og verið stefnt hæstarjettarmálaflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni fyrir hönd stórkaupmanns Jakobs Gunnlögssonar í Kaupmannahöfn, en á hendur honum hafa engar kröfur verið gerðar.

Hvorugur hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta í hæstarjetti og hefir því málið verið rekið þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. —4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi rökstyður aðalkröfu sína með því, að öll meðferð uppboðsráðandans á málinu hafi verið löglaus, og verði ekki úr því bætt nema með því að ómerkja með öllu uppboðið, er fór fram í Flatey 6. júlí f. á., og allar gjörðir uppboðsráðandans eftir þann tíma, en einkum telur hann það hafi verið með öllu óheimilt að uppboðsráðandi skipaði málflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni umboðsmann á

uppboðinu, er gerði boð fyrir hans hönd, er uppboðsráðandi tók gild og varð til þess að baka áfrýjanda tjón, þar sem enginn annar hafi boðið í eignirnar móti honum. Er það tekið fram í sókn áfrýjanda hjer fyrir rjettinum, að hann hafi mót-mælt þessu á uppboðinu, en ekkert fengið um það bókað í uppboðsbókina.

Það verður að fallast á, að gallar þeir, sem eru á uppboðinu 6. júlí f. á. og meðferð málsins þar eftir verði að hafa ómerkingu í för með sjer. Í málinu brestur sönnun fyrir því að fleiri uppboð en eitt hafi verið haldið á eignum þessum og að uppboð á þeim hafi verið löglega birt. Í söluskilmálum þeim, sem lagðir voru fram í rjettinum 6. júlí f. á. eru taldar upp sundurliðaðar eignir þær, sem selja eigi við uppboðið, en söluskilmálarnir telja færri eignir boðnar fram til sölu en ráða virðist mega af uppboðsbókinni að boðnar hafi verið upp. Og er bókunin þó svo ógreinileg að af henni verður ekki sjeð með vissu, hverjar eignir hafi verið boðnar upp og hvort sömu söluskilmálar hafa gilt fyrir allar eignirnar. Fyrirkomulag uppboðsins er einnig óðrúvísi en vænta mátti eftir innihaldi veðbrjefanna. Og enn fremur var, svo sem áfrýjandi hefir tekið fram, uppboðsráðanda óheimilt að skipa fjarverandi manni að honum fornspurðum, umboðsmann til að mæta á uppboðinu og bjóða í eignirnar fyrir hann og að taka slík boð gild. Loks er uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. sept. f. á. byggður á misskilningi uppboðsráðanda á því, er fram hafði farið í málinu og á ekki við nein gild rök eða lög að styðjast. Þessir gallar á meðferð málsins eru svo verulegir, að það verður ex officio að ómerkja uppboðið í Flat-ey 6. júlí f. á. og alla meðferð málsins eftir þann

tíma, þar með talinn uppboðsrjettarúrskurðurinn 22. september f. á.

Hinsvegar verður ekki sint þeirri kröfu áfrýjanda, að skiftaráðandinn í þrotabúi Guðmundar Bergsteinssonar verði fyrir hönd þrotabúsins dæmdur til að endurgreiða þær kr. 1718.79, er áfrýjandi hefir greitt af skuldum þrotabúsins, þegar af þeirri ástæðu að krafan um endurgreiðslu þessa hefir ekki verið lögð undir úrskurð eða dóm í hjerði.

Eftir atvikum þykir ekki vera alveg næg ástæða til að sekta hinn stefnda uppboðs- og skiftaráðanda fyrir ólöglega meðferð málsins, en það verður að dæma hann til að greiða áfrýjanda allan kostnað hans við að láta mæta á uppboðinu í Flatey 6. júlí síðastl. og nemur sá kostnaður alls 792 kr. samkvæmt framlögðum sundurliðuðum reikningi. Ennfremur ber honum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Uppboð það, er fram fór í Flatey á Breiðafirði 6. júlí f. á. á fasteignum, skipum og bátum þrotabús Guðmundar Bergsteinssonar, svo og öll meðferð málsins eftir þann tíma þar með talinn úrskurður uppboðsrjettar Barðastrandarsýslu 22. sept. f. á., skal ómerkt vera.

Hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi Barðastrandarsýslu, Einar M. Jónasson, greiði áfrýjanda, firmanu Bræðurnir Proppe 792 krónur og ennfremur 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, hvorttveggja að viðlagðri aðför að lögum.